



#### 446. fundur í Þingvallanefnd

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti miðvikudaginn 7. nóvember 2018 kl 11.30. Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Hanna Katrín Friðriksson, Karl Gauti Hjaltason, Páll Magnússon, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir varamaður fyrir Guðmund Andra Thorsson og Silja Dögg Gunnarsdóttir varamaður fyrir Línéik Önnu Sævarsdóttur.

Fundinn sátu einnig Einar Á.E.Sæmundsen Þjóðgarðsvörður og Fanney Einarisdóttir sem ritaði fundargerð. Gestir fundar: Ólafur Árnason frá Eflu.ehf og Árni Geirsson frá Alta.ehf

Formaður setti fundinn og stýrði:

Dagskrá

1. Silfra, staða burðarþolsvinnu.  
Gestir: Ólafur Árnason frá Eflu og Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir verkefnastjóri í Þjóðgarðinum. Þjóðgarðsvörður kynnti málefni Silfru og upplýsti að Eflu hafi verið falið að meta burðarþol Silfru. Ólafur kynnti verkefnið og þá þætti sem Efla mun leggja til grundvallar burðarþolsgreiningu. Jóna Kolbrún kynnti tímbundnar aðgerðir við Silfru til að minnka biðraðir við Silfru í vetur. Ólafur upplýsti að Efla stefnir að því að skila skýrslu um burðarþolsgreiningu um miðjan desember.
2. Stefnumörkun yfirlit umsagna og næstu skref.  
Gestur: Árni Geirsson hjá Alta. Þjóðgarðsvörður kynnti stefnumörkunina og gat þess að áhersla verði lögð á að klára hana fyrir lok ársins. Frestur til að skila inn umsögnum var framlengdur til 1. nóvember vegna ýmissa mála. Fram kom að stefnt verði að því að hafa tillögur að endanlegum texta tilbúinn fyrir næsta fund Þingvallarnefndar 21.nóvember og stefnt að samþykkt stefnumörkunar fyrir 1. desember.
3. Sumarbústaðarmál.  
Valhallarstígur Nyrðri 7. Afgreiðslu máls frestað.  
Gjábakki 2 og 7. Afgreiðslu máls frestað.

Ekki fleira gert og fundi slitið.